



**112. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 26. mars 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. 202401001 - Fjármál 2024

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins og kynnti m.a. niðurstöður örútboðs á raforku hjá sveitarfélaginu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Fram kom að kominn er á bindandi samningur milli Múlapings og Orku náttúrunnar ohf. Byggðaráð felur sveitarstjóra og fjármálastjóra að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum í tengslum við gerð nýs samnings.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

2. 202402106 - Námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum

Til umfjöllunar undir þessum lið var fyrirkomulag námskeiða fyrir verðandi leiðsögumenn með hreindýraveiðum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings leggur áherslu á að vandað verði til verka þegar unnið er að fjölgun í hópi leiðsögumanna með hreindýraveiðum og haft verði að leiðarljósi að standa vörð um það góða kerfi sem komið hefur verið á. Áhersla verði áfram á góð samskipti milli leiðsögumanna, landeigenda, starfsmanna Umhverfisstofnunar og Náttúrufæðistofu Austurlands sem er lykilatriði í því að veiðar gangi vel. Byggðaráð hvetur Umhverfisstofnun til að hafa sveitarfélög, á nærsvæðum hreindýraveiða, með í ráðum varðandi mögulegar breytingar er snúa að hreindýraveiðum í framtíðinni. Lögð er áhersla á að námskeiðahald verði staðbundið á nærsvæðum hreindýraveiða.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202403093 - Beiðni um umsögn Múlapings á sérstöku ákvæði kaupsamnings

Fyrir liggur erindi frá Elfu Hlín Sigrúnu Pétursdóttur þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á sérstöku ákvæði kaupsamnings og liðsinnis vegna



stefnubreytinga stjórnvalda við uppkaup fasteigna vegna náttúruhamfara. Einnig liggur fyrir umsögn og tillaga lögmanns sem samþykkt var að leita eftir á síðasta fundi byggðaráðs.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela sveitarstjóra að svara fyrirbyggjandi erindi í samræmi við tillögu sem unnin var af lögfræðingi að ósk byggðaráðs.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

4. 202402215 - Drög að borgarstefnu í samráðsgátt

Fyrir liggur tölvupóstur frá Innviðaráðuneyti þar sem vakin er athygli á því að drög að fyrstu borgarstefnu fyrir Ísland hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til fyrirbyggjandi draga að borgarstefnu leggur byggðaráð Múlaþings áherslu á að þess verði gætt, við aukna áherslu á svæðishlutverk Akureyrar, að ekki verði dregið úr framlögum ríkisins til uppbyggingar nauðsynlegra grunninnviða á Austurlandi sem snúa m.a. að samgöngum, menningar- og menntamálum og heilbrigðisþjónustu. Einnig er mikilvægt að í borgarstefnu verði lögð áhersla á hlutverk Reykjavíkurlugvallar í þjónustu við landsbyggðina en um þennan þátt er ekki fjallað í fyrirbyggjandi drögum. Að öðru leyti tekur byggðaráð Múlaþings undir þær áherslur er fram koma í umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um drög að borgarstefnu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Þróstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Vil ítreka bókun mína undir sama lið á Byggðaráðsfundi þann 19. mars 2024.

5. 202401098 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.02.2024.

Lagt fram til kynningar.

6. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Fyrir liggja fundargerðir samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 04.03.2024 og 22.03.24.

Lagt fram til kynningar.

7. 202401099 - Fundargerðir stjórnar HEF 2024

Fyrir liggur fundargerð aðalfundar HEF veitna, dags. 08.03.2024.

Lagt fram til kynningar.

8. 202401202 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á



Austurlandi, fundargerðir 2024

Fyrir liggur fundargerð almannavarnarnefndar í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi, dags. 18.03.2024.

Lagt fram til kynningar.

9. 202402167 - Fundagerðir stjórnar, Minjasafn Austurland 2024

Fyrir liggur fundargerð aðalfundar Minjasafns Austurlands, dags. 20.03.2024 auk ársskýrslu og endurskoðuðum ársreikningi fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

10. 202403117 - 17.júní á Egilsstöðum 2024

Fyrir liggja drög að samningi við fimleikadeild Hattar vegna hátíðarhalda á Egilsstöðum á 17. júní 2024. Inn á fundinn undir þessum lið tengdist Jónína Brá Árnadóttir, verkefnastjóri á sviði menningarmála.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi við fimleikadeild Hattar vegna hátíðarhalda á Egilsstöðum 17. júní 2024. Byggðaráð felur verkefnastjóra á sviði menningarmála framkvæmd málsins og að horft verði til 80 ára lýðveldisafmælis og 50 ára afmælis Egilsstaðakirkju við skipulagningu og viðburðarhald vegna hátíðarhalda 17. júní 2024.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Gestir

Jónína Brá Árnadóttir - 09:35

11. 202403119 - Skógardagurinn mikli 2024

Fyrir liggja drög að samningi við Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði vegna Skógardagsins mikla. Inn á fundinn undir þessum lið tengdist Jónína Brá Árnadóttir, verkefnastjóri á sviði menningarmála.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að gerður verði samningur við Félag skógarbænda á Fljótsdalshéraði vegna Skógardagsins mikla til þriggja ára, samkvæmt fyrirbyggjandi drögum. Verkefnastjóra á sviði menningarmála er falin framkvæmd málsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Gestir

Jónína Brá Árnadóttir - 10:35

12. 202403120 - Samningur vegna LungA 2024

Fyrir liggja drög að samningi um styrk vegna LungA listahátíðar 2024. Inn á fundinn undir þessum lið tengdist Jónína Brá Árnadóttir, verkefnastjóri á sviði



menningarmála.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að gerður verði samningur við LungA listahátíð vegna listahátíðar á Seyðisfirði 2024 samkvæmt fyrirbyggjandi drögum. Verkefnastjóra á sviði menningarmála er falin framkvæmd málsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Gestir

Jónína Brá Árnadóttir - 10:40

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:35

